| Hvað | Litur |
|---|---|
| Ytra mat | |
| Þriggja ára áætlun ME | |
| Lykilmatsþáttur | |
| Mikil áhætta | |
| Meðal áhætta | |
| Tækifæri | |

# Umbótaáætlun eftir ytra mat, innra mat og starfsmannasamtöl 2025-2027
## Tenging við 3 ára áætlun skólans

| Þáttur | Flokkun/forgangur | Umbótasvið | Markmið | Aðgerðir | Ábyrgðaraðilar | Tímalína | Matsviðmið | Staða ágúst 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjórnun og skipulag** | | **Stefnumótun og aðgerðaráætlanir** | Fylgja stefnumiðum skólans í tilteknum málaflokkum betur eftir með markvissum áætlunum varðandi innleiðingu (innleiðingaráætlun), árangursviðmiðum og mati á framvindu og/eða stöðu mála. | Fara yfir stefnur skólans og tryggja að aðgerðaráætlanir (hvað)/innleiðingaráætlanir (hvernig) fylgi öllum stefnum.<br>Framkvæma mælingar þar sem það á við.<br>Forvarnarstefna skoðuð sérstaklega | Skólameistari og mannauðsstjóri | 2024-2026 | Meta framvindu verkefna á vorin í tengslum við ársskýrslur. | Jafnréttisstefna með framvindu mælingu árlega. Umhverfisstefna einnig rýnd út frá grænfána verkefninu. Skoða aðrar stefnur |
| | | **Skólareglur og viðurlög** | Samræma texta um viðurlög við brotum á reglum skólans og orða málsmeðferð með skýrum hætti, m.a. með hliðsjón af ólögráða nemendum og stjórnsýslulögum, og gera upplýsingar þar að lútandi aðgengilegri á heimasíðu skólans. Jafnframt er mikilvægt að tilgreina með skýrum hætti þá verkferla sem gilda við beitingu þeirra og kanna með markvissum hætti hvort unnið sé samkvæmt þeim. | Endurskoða reglur skólans og gera sýnilegri á heimasíðu hans.<br>Rýna meðferð þeirra mála sem upp hafa komið 1x á ári til að bæta verkferla.<br>Bæta sýnileika reglna á heimasíðu | Skólameistari og áfangastjóri | 2025-2026 | yfirfarið í lok skólaárs. | Byrjað vor 2023. Skólameistari þyrfti að rýna með öðrum. |
| | | **Forvarnarstefna** | Uppfæra forvarnarstefnu sem er orðin gömul | Búa til hóp sem fer yfir forvarnarstefnu og kemur með tillögur til bóta. Bæta við aðgerðaráætlun við forvarnarstefnu ME. Stefnan svo lögð fram í samþykktarferli á skólafundi | Skólameistari<br>Verkefnisstjóri heilsueflingar og skólabrags | 2025/2026 | Uppfærsla á texta á heimasíðu lokið/ólokið | Ekki hafið |
| | | **Helgun** | Skuldbinding til vinnustaðarins - vera yfir 6 í stofnun ársins. | Jákvæðni á vinnustað - jafnrétti - leggja áherslu á þróun í starfi - Gagnsæ stjórnun - áhersla á samskipti - | Skólameistari og mannauðsstjóri | 2024-2026 | Lykilmatsþáttur mæling úr könnunum | Markmiði ekki náð vorið 2025 |
| | | **Starfsandi** | Bæta starfsanda meðal starfsmanna | Námskeiðsferð erlendis vorið 2025. Námskeið með Ingrid Kuhlman vorið 2025.<br>Halda áfram að fræða starfsfólk um mikilvægi góðra samskipta | Skólameistari, mannauðsstjóri | 2024-2025 | Lykilmatsþáttur mæling úr könnunum | markmiði náð vorið 2025 |
| | | **Starfsandi** | Að ekki mælist einelti meðal starfsmanna stofnunarinnar | Vera alltaf með samskipti á dagskrá og í umræðunni. Kynna 1x á ári eineltisáætlun ME. Hvetja til þess að tilkynna.<br>Gott samstarf við Búbót,<br>Framkvæma félagslegt áhættumat 1x ári | Skólameistari, mannauðsstjóri, allir starfsmenn ME | 2024-2026 | Lykilmatsþáttur mæling úr könnunum | Markmiði ekki náð vorið 2025 |
| | | **Starfsandi** | Að bæta starfsanda og samstarf | Reglulegir brautarfundir þar sem hvatt er til starfsþróunar og samstarfs | Skólameistari | 2024-2027 | Starfsánægja úr lykilmatsþáttum | reglulegir brautarfundir haldnir |
| | | **Sjálfbær rekstur** | Bæta rekstur skólans | Unnið með að halda úti hallalausum og sjálfbærum rekstri í skólanum | Skólameistari og fjármálastjóri | 2024-2027 | Launakostnaður minnkaður | Skólinn enn í niðurskurðarham |
| | | **Þjónusta** | Bæta þjónustu | Námskeiðahald og jafningjafræðsla starfsmanna skólans til að bæta enn frekar tækniþekkingu | Skólameistari, kerfisstjóri | 2024-2027 | Tími gefinn í þetta á starfsdögum | Þróunarverkefni 25-27 Gervigreind starfsmenn deila upplýsingum úr námskeiðum á starfsdögum að vori |
| | | **Jafnrétti** | Auka jafnrétti meðal nemenda | Vinna að jöfnum tækifærum nemenda til þátttöku í tímum og jöfnum tækifærum nemenda til þátttöku í félagslífi | Skólameistari, jafnréttisfulltrúi | 2024-2026 | Lykilmatsþáttur mæling úr könnunum | Hækkun milli ára um 0.3. vantar 0.2 til að ná markmiðinu. |
| | | **Jafnrétti** | Auka jafnrétti meðal starfsmanna | Framkvæma alltaf kosningar þar sem það á við.<br>Auglýsa störf meðal starfsmanna t.d. Verkefnastjórn ofl. | Skólameistari, jafnréttisfulltrúi, mannauðsstjóri. | 2024-2026 | Lykilmatsþáttur mæling úr könnunum | markmiði náð vorið 2025 |
| | | **Markaðssetning** | Að ná 60% nemenda af upptökusvæði skólans, í skólann á hverju ári | Kynningar á vorin. Kynningardagur að vori. Auglýsingar á samfélagsmiðlum og víðar. | Skólameistari, nemendaþjónusta, mannauðsstjóri | 2024-2026 | Lykilmatsþáttur mæling úr könnunum | markmiði náð vorið 2025 |
| | | | | | | | | |
| Þáttur | Flokkun/forgangur | Umbótasvið | Markmið | Aðgerðir | Ábyrgðaraðilar | Tímalína | Matsviðmið | Staða ágúst 2025 |
| **Kennsla og námsframboð** | | **Þróunarverkefni** | Efla formlega eftirfylgd með þróunarverkefnum. | Leggja fyrir kannanir í upphafi og í lok þróunarverkefna<br>Stöðuskýrsla einu sinni á ári og ákvörðun um framhald | Kennslustjóri fjarnáms | Skólaárið 2022- stöðugt umbótaferli | Niðurstöður kannana bornar saman. Stöðuskýrslur rýndar | Komin í nýtt þróunarverkefni - notkun gervigreindar í kennslu. **Gætum staðið betur að mælingum hér** |
| | | **Náms og starfsráðgjöf** | Að tryggja að sem flestir nemendur ME fari sem öruggastir og vel undirbúnir í frekara nám eða störf. | Að móta heildræna stefnu í náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur ME til að tryggja aðgengi þeirra að mikilvægum upplýsingum er varða náms-og starfsferilinn til að tryggja markvissari og öruggari skref í nám og nám og störf utan ME. Hluti af þeim skrefum er að koma upplýsingunum nær nemendum með að setja upp áfanga á CANVAS í a) tímastjórnun og námstækni, b) lesblindu og lestrarerfiðleikum og c) nám og störf eftir ME. | Náms og starfsráðgjafi<br>Nemenda þjónusta<br>Rýnihópur nemenda | 2022-2026 | Færri nemendur koma aftur inn í framhaldsskólakerfið því þeir ná ekki innstökuskilyrðum í fyrirhugaðar námsleiðir | Í vinnslu, unnið að því að koma upp áfanganum. |
| | | **Tímastjórnun og námstækni** | Að nemendur geti eflt sig í tímastjórnun og námstækni á sínum tíma og forsendum. | Setja upp áfanga á CANVAS þar sem nemendur geta aflað sér upplýsinga, mátað sig við og valið leiðir sem henta. Allir nemendur geta skráð sig í áfangann og geta þau sem vilja fengið einingu fyrir að ljúka öllum verkefnum. | Náms og starfsráðgjafi<br>Nemenda-þjónusta | 2022-2026 | Með reglulegri endurskoðun og etv. áfangamati | Er í vinnslu |
| | | **Náms og starfsferill nemend að ME loknum** | Að hámarka líkurnar á að sem flestir nemendur ME séu sem best í stakk búin til að taka skrefin út í lífið eftir nám í ME, viti hvert stefnan liggur og uppfylli þau skilyrði sem þau þurfa fyrir frekara nám. | Setja upp áfanga sem heldur utan um um námsefni og upplýsingar sem snúa að áhugasviðum, styrkleikum, ákvörðunartöku, framboði á námsleiðum að ME loknum hérlendis sem og erlendis, inntökuviðmiðum háskólanna, upplýsingar um vinnumarkaðinn, náms- og starfsumsóknir, ferilskrárgerð, hvatabréf, ferilmöppu o.fl. Markmiðið er að þau geti aflað sér þessara upplýsinga á skýran og aðgengilegan hátt, á eigin forsendum og tíma, og mátað sig við og valið leiðir sem hentar hverju og einu. Allir nemendur sem stefna á námslok á brautum ME innan árs hafa tækifæri til skrá sig í áfangann þegar þau kjósa og geta þau sem vilja fengið einingu fyrir að klára öll verkefni áfangans. | Náms og starfsráðgjafi<br>Nemenda-þjónusta | 2025-2028 | Með reglulegri endurskoðun og e.t.v. áfangamati. | Ekki hafið |
| | | **Nemendaþjónusta og Starfsbraut** | Að auka samstarf nemendaþjónustu og starfsbrautar | Starfsbrautarstjóri fundar vikulega með nemendaþjónustu skólans til að tryggja að allir nemendur fá líka málsmeðferð | Nemendaþjónustan og kennslustjóri starfsbrautar | 2025-2027 | Reglulega metið hvernig gengur á nemendaþjónustu fundum | Ekki hafið |
| | | **Farsældarlög** | Efling farsældar í ME | Tengiliður farsældar bætti meðferð farsældarmála með aukinnni skráningu og fundir með starfsmönnum farsældar í nágrannasveitarfélögum eru komnir í fastari skorður. | Nemendaþjónustan | 2025-2027 | Meta reglulega hvernig gengur á nemendaþjónustu fundum | Ekki hafið |
| | | **Þjónusta** | Bæta þjónustu | Áhersla á jákvæð viðhorf og góða þjónustu við alla þjónustuþega skólans. Haldið á lofti við starfsmenn á kennarafundum og í nýliðaþjálfun | Skólameistari | 2024-2027 | nemendakönnun og foreldrakönnun | Upplifun nemenda og foreldra af þjónustu og samskiptum er mjög góð |
| | | **Fjarnám** | Að bæta gæði fjarnáms við ME | Fjarnámsstjóri heldur utan um skipulag fjarnáms og fylgir eftir framvindu fjarnema. Kennarar skulu skila endurgjöf innan ákveðins tímaramma, endurgjöf skal vera skýr | Kennslustjóri fjarnáms | 2024-2027 | Skilaprósenta fjarnema til lokamats | 68% náðu vor 2025 14% fall. Rest skilaði sér ekki til loka mats. Svipað og síðustu ár. |
| | | **Álag á nemendur** | Að 60% nemenda noti meira en 2 klst í hvern áfanga, í samræmi við fjölda verkefnatíma | halda á lofti mikilvægi verkefnatíma og mikilvægi mætinga í þá. | Skólameistari | 2025-2027 | Úr áfangamati | Marmkiði ekki náð vor 2025- 58% |
| | | **Leiðsagnarmat** | Að tíðni leiðsagnarmats sé heilum yfir landsmeðaltali í skólapúlsinum árlega | Áhersla á fjölbreytt verkefnaskil nemenda | Skólameistari | 2025-2027 | Tíðni leiðsagnarmats úr skólapúlsinum | Markmiði náð vorið 2025 |
| | | **Áfangamat - samskipti og umsagnir** | Að þeir 3 liðir úr áfangamati er snúa að því hvernig kennari bregst við athugasemdum og spurningum, hvernig samskipti nemenda við kennara séu og að kennari skili umsögnum fljótt til nemenda, mælist yfir 95% | Kynna vel fyrir kennurum þessa áherslu í lykilmatsþáttum svo þeir geti lagt áherslu á þetta í sínum störfum. Ef dalar, hægt að grípa inní, en er í góðum málum eins og er. | Skólameistari | 2025-2027 | Mælit í áfangamati og er í lykilmatsþáttum | Markmiði náð vorið 2025 |
| | | **Aðgengi að kennsluáætlunum** | Leita leiða til að bæta aðgengi foreldra ólögráða nemenda að kennsluáætlunum. | Fræða foreldra um hvernig þeir nálgast kennsluáætlanir (heimasíða, fréttabréf) | Áfangastjóri, ritstjóri heimasíðu | 2025-2026 | Birting á heimsíðu | Í vinnslu |
| | | | | | | | | |
| Þáttur | Flokkun/forgangur | Umbótasvið | Markmið | Aðgerðir | Ábyrgðaraðilar | Tímalína | Matsviðmið | Staða ágúst 2025 |
| **Samskipti og líðan** | | **Skráning á tengslum við háskóla** | Virk tengsl við háskólastig um nám nemenda hafa ekki verið skráð. | Skrá tengsl við háskóla á heimasíðu ME (Háskólakynningar í ME, heimsóknir í HA, samstarf við Austurbrú um UHI) | Nemendaþjónusta | 2024-2025 | Upplýsingum bætt á heimasíðu | Í vinnslu |
| | | **Líðan nemenda** | Að bæta líðan nemenda | Reglulegir viðburðir yfir skólaárið þar sem nemendur og kennarar vinna saman með gildi skólans | Skólameistari, nefndarformenn | 2024-2027 | Líðan nemenda úr lykilmatsþáttum | Gilda vikur |
| | | **Líðan nemenda** | Að bæta líðan nemenda | Gott aðgengi að öflugri nemendaþjónustu | Umsjónarmaður nemendaþjónustu | 2024-2027 | Fjöldi nemenda sem nýtir sér nemendaþjónustu mv. púls könnun | Auglýstir tímar aðila nemendaþjónustunnar. |
| | | **Líðan nemenda** | Líðan nemenda | Bæta þá þætti sem náðu ekki markmiðum lykilmats haust 2024<br>Vellíðan nemenda - bæta vellíðan nemenda.<br>Einelti - minnka einelti um 1% á ári | Nemendaþjónusta | 2024-2026 | Lykilmatsþáttur mæling úr könnunum | 3 af 5 markmiðum náð vorið 2025 |
| | | **Álag og streita** | Minnka vinnuálag og streitueinkenni | Námskeið á Spáni vorið 2025 sem fjallar um streitu og álag.<br>Nemendahópar ekki stærri en 28 | Skólameistari, mannauðsstjóri | 2024-2026 | Lykilmatsþáttur mæling úr könnunum | Markmiði ekki náð vorið 2025 |
| | | **Öflugur mannauður** | Styrking starfsmanna | Markviss vinna með styrkleika starfsmanna skólans í þágu allra þjónustuþega skólans | Skólameistari, mannauðsstjóri | 2024-2027 | Starfsfólk nýtt út frá styrkleikum eins og kostur er. Erfitt að mæla samt. | Styrkleikar ræddir í stm samstölum og stm hvattir til að vinna meira með þá. Reynt að nýta styrkleika í kennara með róteringu í kennslu |
| | | **Öflugur mannauður** | Bæta veikleika í stofnun ársins | Vinna bug á sýnilegum veikleikum út frá árlegri könnun stonun ársins | Skólameistari, mannauðsstjóri, Innra mats nefnd | 2024-2027 | Sjá lykilárangur í umbótaáætlun | Árið 2025 eru það launakjör og sveigjanleiki vinnu. Erfitt er að breyta báðum þáttum. Skoða frekari niðurstöður |
| | | | | | | | | |
| Þáttur | Flokkun/forgangur | Umbótasvið | Markmið | Aðgerðir | Ábyrgðaraðilar | Tímalína | Matsviðmið | Staða ágúst 2025 |
| **Húsnæði og aðbúnaður** | | **Loftræsting í heimavistarhúsi** | Bæta loftræsti mál í heimavistarhúsi, sér í lagi útsog. | Bæta loftræsingu í anddyri/kennslustofugangi og í matsal/eldhúsi. Hreinsun á kerfinu. | Húsvörður og skólameistari | 2022-2026 | Gæði lofts mælt | hreinsun á kerfi orðin reglubundin |
| | | **Bæta lýsingu húsnæða að innan og utan** | Bæta lýsingu húsnæða að innan og utan | Lýsa upp skólann að utan og klára að skipta út flúorperum í skólanum fyrir LED | Húsvörður og Skólameistari | 2020-2026 | Hlutfall pera með flúorlýsingu á móti LED lýsingu | Lokið - led komið i gamla hluta kennsluhúss. |
| | | **Fjöltengi liggi yfir gólfi í einstaka kennslustofum vegna skorts á tenglum** | Fjöltengi liggja yfir fóli í einstaka kennslustofum vegna skorts á tenglum | Áætla umfang vandamálsins. Finna lausn svo ekki skapist slysahætta af snúrum á gólfi | Húsvörður og skólameistari | 2020-2026 | Lokið/ólokið | Hefur verið skoðað, en engar lausnir í sjónmáli |